

AKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 9/2019

2020/EES/48/09

frá 8. febrúar 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1023 frá 23. júlí 2018 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1631 frá 30. október 2018 um leyfi til að setja á markað trönuþerjauþdrátt í duftformi sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1632 frá 30. október 2018 um leyfi til að setja á markað basískt mysupróteínainangur úr mjólk úr nautgripum sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1633 frá 30. október 2018 um leyfi til að setja á markað hreinsað rækjupeptíðþykni sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1647 frá 31. október 2018 um leyfi til að setja á markað vatnsrofsefni úr egghimnu sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1648 frá 29. október 2018 um leyfi til að setja á markað xyló-fáskykur sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

- ⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 187, 24.7.2018, bls. 1.
- ⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 17.
- ⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 23.
- ⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 29.
- ⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 51.
- ⁽⁶⁾ Stjtuð. ESB L 275, 6.11.2018, bls. 1.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2470):

- „– **32018 R 1023**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1023 frá 23. júlí 2018 (Stjtið. ESB L 187, 24.7.2018, bls. 1),
- **32018 R 1631**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1631 frá 30. október 2018 (Stjtið. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 17),
- **32018 R 1632**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1632 frá 30. október 2018 (Stjtið. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 23),
- **32018 R 1633**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1633 frá 30. október 2018 (Stjtið. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 29),
- **32018 R 1647**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1647 frá 31. október 2018 (Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 51),
- **32018 R 1648**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1648 frá 29. október 2018 (Stjtið. ESB L 275, 6.11.2018, bls. 1).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 144. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1133):

- „145. **32018 R 1631**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1631 frá 30. október 2018 um leyfi til að setja á markað trönuberjaútdrátt í duftformi sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 17).
- 146. **32018 R 1632**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1632 frá 30. október 2018 um leyfi til að setja á markað basískt mysuprótfneinangur úr mjólk úr nautgripum sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 23).
- 147. **32018 R 1633**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1633 frá 30. október 2018 um leyfi til að setja á markað hreinsað rækjupeptíðþykkni sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 29).
- 148. **32018 R 1647**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1647 frá 31. október 2018 um leyfi til að setja á markað vatnsrofsefni úr egghimnu sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 51).
- 149. **32018 R 1648**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1648 frá 29. október 2018 um leyfi til að setja á markað xýló-fásykrur sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 275, 6.11.2018, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/1023, (ESB) 2018/1631, (ESB) 2018/1632, (ESB) 2018/1633, (ESB) 2018/1647 og (ESB) 2018/1648, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. febrúar 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.